

# Reglugerð nr. 31.4 um Meistaramót í eldri aldursflokkum, innanhúss

## 1. Framkvæmd móts

1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
2. Keppt skal í aldursflokkum samkvæmt reglugerð nr. 26. um aldursflokkaskipan.
3. Keppnisgreinar eru:  
Fyrri dagur: 60 m hlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, hástökk, langstökk og kúluvarp.  
Seinni dagur: 60 m grindahlaup, 400 m hlaup, 1500 m hlaup, stangarstökk, þrístökk og blandað 4x200 m boðhlaup (karl-kona-karl-kona).  
Aldursflokkur sveitar ákvarðast af yngsta sveitarmeðlimi.
4. Á mótinu keppa félög sín á milli um titilinn Íslandsmeistari í eldri aldursflokkum. Stigakeppni á mótinu fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 6 stig, annað sæti fær 5 stig o.s.frv., þannig að 6. sæti fær 1 stig.
5. Niðurröðun greina á daga fer fram samkvæmt ákvörðun mótshaldara að höfðu samráði við masters ráð.
6. Gestapátttaka er heimil einstaklingum sem ekki eru skráð í aðildarfélög FRÍ, gegn þreföldum þáttökugjöldum.
7. Á mótinu skal veita sérstaka viðurkenningu fyrir besta afrekið í flokki karla annars vegar og kvenna hins vegar samkv. reiknilíkani World Masters Athletics.
8. Séu skráðir keppendur fleiri en 12 í köstum og stökkum skal leitast við að skipta hópnum þannig að ekki verði fleiri en 12 keppendur í hverjum keppnishóp. Miða skal við að allir í sama aldursflokki keppi saman. Gera skal grein fyrir skiptingunni í tímaseðli.

## 2. Verðlaun

1. Útgáfa Meistaramótsverðlaunapeninga skal vera í höndum FRÍ.
2. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein, gull, silfur og brons, í hverjum flokki, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
3. Einungis íslenskur ríkisborgari skráður í aðildarfélag FRÍ getur orðið Íslandsmeistari og átt tilkall til verðlauna. Erlend gestapátttaka er þó heimil.
4. Birta skal yfirlit um fjölda gull-, silfur- og bronsverðlauna, sem hvert félag/samband vinnur, í öllum aldursflokkum karla og kvenna og samanlagt. Fyrst skal raðað eftir fjölda gullverðlauna, ef jafnt er skal raðað eftir fjölda silfurverðlauna og loks skal raða eftir bronsverðlaunum á sama hátt.

## 3. Önnur ákvæði

1. Meistaramót Íslands skal að öllu öðru leyti, en því sem lýst er í greinum 1 - 3, fara fram eftir reglum World Masters Athletics, að undanskildinni grein 5 í reglugerð nr. 25, um Sérkeppnisreglur FRÍ um auglýsingar á búningum, reglugerð nr. 26 um aldursflokkaskipan og 7. gr. um þjófstart og rásblokki.
2. Keppendur skráðir í aðildarfélög FRÍ keppi í félagsbúningi.

## Saga

1. Samþykkt sem sérstök reglugerð skv. ákvörðun þings 2024

2. Uppfært til kynningar á formannafundi des 2024. Nú vísað í reglugerð nr 26 um aldursflokka, tekin fram krafa um félagsaðild, auk lítilsháttar lagfæringa.
3. Keppnisgreinar mótsins festar í reglugerð, kynnt á formannafundi í apríl 2025.
4. Uppfært á þingi 2026.